

Náttúra Íslands – unglíngastígg

Íslensk náttúra er viðkvæm, hrikaleg, sérstök og fjölbreytileg. Ísland er eitt eldvirkasta og yngsta svæði Jarðar. Landslagið er mótað af eldi, ís, vatni og vindum. Hér eru enn jöklar, sem þó fara minnkandi vegna *hlýnunar Jarðar*. Landið er fremur gróðursnautt og tegundafátt, ekki síst vegna þess hversu einangrað það er og lífverur berast því ekki auðveldlega til landsins. Í viðkvæmu *lífriki* landsins er mikil gróður- og jarðvegseyðing. *Náttúra Íslands* er eftirsótt vegna fjölbreytileika hennar, sérstöðu og víðáttu. Hér býr fátt fólk í stóru landi og því fremur auðvelt að finna stað til að vera einn með sjálfum sér. Athafnir mannsins hafa haft áhrif á *líf-breytileika* og *landslag*. Spor mannsins liggja í náttúrunni og hann hefur ekki alltaf stigið létt til jarðar. *Burðarþol náttúrunnar* er takmarkað. Maðurinn verður að horfast í augu við það að hann hefur freklega gengið á gæði Jarðar.



© Morgunblaðið/ÞÖK

Sjálfbær þróun miðar að því að við göngum um Jörðina og auðlindir hennar á þann hátt að við

skerðum ekki möguleika annarra heimshluta eða *komandi kynslóða* á að njóta þess sama og við. *Vistspor* er mælikvarði á hversu mikið af gæðum Jarðar fólk nýtir til að uppfylla neyslu sína og hversu miklum úrgangi eða mengun það skilar frá sér. Því meiri neysla því stærra vistspor. Munur á vistspori þjóða er mikill og endurspeglar ójöfnuð heimshluta. Vistspor mannsins rúmast ekki lengur innan þess sem ein Jörð getur uppfyllt á sjálfbæran hátt. Þann 20. ágúst s.l. var Þolmarkadagur Jarðar fyrir árið 2013 en það þýðir að þann 21. ágúst byrjuðum við að ganga á höfuðstólinn. *Þolmarkadagur Jarðar* færast framur og framur með hverju ári. Það er því mikilvægt að maðurinn horfast í augu við hvaða áhrif hegðun hans hefur á náttúruna og vilji taka stefnuna á *vistvænni lífstíl*. *Umhyggja* fyrir náttúrunni, þekking á hringrásum hennar og færni í að umgangast hana af *ábyrgð og hófsemi* er mikilvægur grunnur að menntun til sjálfbærni.

Á unglíngastígg er lögð áhersla á að nemendur skynji ábyrgð sína á umgengni við náttúruna og geri sér grein fyrir afleiðingum þess að taka of freklega af gæðum Jarðar. Grunnurinn að vinnunni byggir á sjálfbærri þróun, þekkingu á auðlindum og þjónustu Jarðar og gagnrýnni hugsun með náttúru Íslands í forgrunni. Vinnulag miðar að þekkingarleit, kynningu og umræðum. Náttúrufræðin hefur sitt eigið tungumál og því mikilvægt að hafa það í huga þegar textar hennar eru lesnir og ræddir. Nemendur þurfa að takast á við ný hugtök sem eru þeim framandi. Að efla læsi á fjölbreytta náttúrufræðitexta og fara út og skoða mismunandi umhverfi og náttúru eru samverkandi leiðir í að nemendur verði læsir á umhverfi sitt og finni til ábyrgðar.

Markmið að nemandi geti

- lýst íslenskri náttúru og lagt mat á gildi hennar
- rætt af skilningi um ábyrgð mannsins á eigin umgengni og vistspori
- útskýrt lög og reglur sem gilda um umgengni í náttúrunni á Íslandi
- áttað sig á hvað er átt við með ósjálfbærri ferðamennsku í íslenskri náttúru
- nefnt dæmi um friðuð svæði á Íslandi og ástæður friðunar þeirra
- fjallað á gagnrýninn hátt um hegðun og athafnir mannsins og hvaða áhrif þær hafa á lífsgæði, náttúru, umhverfi og landslag
- greint stöðu umhverfismála í eigin samfélagi og komið með hugmyndir að lausn
- útskýrt og skilið hvað hugtakið sjálfbær þróun felur í sér og geti nefnt dæmi um sjálfbæra nýtingu og verndun náttúraúdlinda
- komið með hugmyndir að mikilvægum áherslum/leiðum í menntun til sjálfbærni
- aflað sér upplýsinga um hver vandi framtíðar er vegna fólksfjölgunar og ósjálfbærrar hegðunar mannsins s.s áhrif loftslagsbreytinga, vatnsskortur, fæðuframboð, breytt vistkerfi
- útskýrt inntak orðanna: sjálfbær þróun, víðerni, ósnortin náttúra, fjölbreytileiki, burðarþol náttúrunnar, utanvegaakstur, ferðamannaskattur, aðgengi, þjóðgarðar, friðland

Hugmyndir að leiðum

• Vinsælir ferðamannastaðir

Nemendur (hópar) kynna sér vinsæla ferðamannastaði á Íslandi. Þeir semja síðan bréf/tölvupóst til einstaklings eða hóps (á íslensku, ensku eða dönsku) og lýsa staðnum, sérstöðu hans og hvað er áhugavert að skoða og upplifa. Upplýsingar um umgengnisreglur í íslenskri náttúru þurfa jafnframt að fylgja með og hvers vegna þær eru settar.

Dæmi: Hvar má tjalda, meðferð á rusli, virða göngustíga, fylgja merktum gönguleiðum, hugsa um viðkvæman gróður (mosa), vita að göngustafir geta gert sár á gróðurþekjuna, bann við utanvegaakstri, hvernig á að umgangast hættulegar ár, síbreytilegt veður á fjöllum o.fl.

• Burðarþol náttúrunnar

Umræðuhópar: Getum við endalaust tekið við erlendum ferðamönnum? Hvaða gildi hafa erlendir ferðamenn fyrir íslenskt samfélag? Eiga ferðamenn að borga sérstaklega fyrir að fá að ferðast um og njóta íslenskrar náttúru? Hvað er slæmt við fjölgun ferðamanna á Íslandi og hvað er gott? Hvað með íslenska ferðamenn, eiga að gilda sömu reglur um þá og erlenda ferðamenn? Velja eina spurningu á hvert borð. Á hverju borði liggja pappírsrenningar og skriffæri. Fulltrúi hvers hóps ritar niður 1–2 setningar sem túlka niðurstöðu hópsins sem á að vera rökstudd með: Af því að ... Þegar umræðuhóparnir eru komnir á upphafsstað taka þeir renningana og líma á spjald/töfluna undir viðeigandi spurningu. Ef tími vinnst til er farið yfir setningarnar og nemendur rétta upp hönd ef þeir eru sammála. Setning sem allir eru sammála um fer á grænt blað, nokkrir á móti á gult, allir á móti á rautt. Þessi blöð fara síðan upp á vegg og geta verið efni í nýjar umræður.

- **Friðlýst svæði á Íslandi**

Hópverkefni/einstaklingsverkefni: „Með friðun tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind, auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila.“ (www.ust.is)

Kennari ræðir um friðlýst svæði, fræðir og útskýrir. Vinna má með ofangreindan texta sem er að finna á vef Umhverfisstofnunar. Nemendur draga miða um friðlýst svæði og vinna verkefni og kynna það í bekknum. Kort af Íslandi er hengt upp á vegg í skólastofunni og nemendur númera verkefnið sitt og skrá númerið inn á videigandi stað á kortinu og hengja verkefnið upp til hliðar.

- **Loftslagsbreytingar**

Í sameiningu reyna nemendur að svara spurningunni: Hver er alvarlegasti umhverfisvandi heimsins í dag? Hvernig er hann tilkominn? Hvaða áhrif hefur hann á íslenska náttúru og lífsgæði Íslendinga? Hvaða áhrif hefur hann á lífsgæði fólks í heiminum? Hvaða áhrif getur hann haft á komandi kynslóðir?

- **Vistsporið**

Nemendur afla sér upplýsinga um vistsporið, hvað það mælir og hvernig vistspor Íslendinga er og hversu margar Jarðir við þyrftum ef allir í heiminum væru með jafnstórt vistspor og Íslendingar. Hvaða þjóðir hafa minnsta vistsporið? Hvers vegna? Er það sanngjarnt að ríkustu þjóðirnar taki sér meira af lífsgæðum Jarðar en aðrar þjóðir? Hvað merkir jöfnuður milli landshluta og kynslóða? Hvernig getum við minnkað eigið vistspor? Allir bera ábyrgð, enginn getur allt, en allir eitthvað. Nemendur geta m.a. skoðað verkefnið um vistsporið á námsvefnum [Heimurinn minn](#). Ein leið til úrvinnslu er að gera stutt myndband sem kynnir vistsporið og hugsanlega fleiri álitamál. Nemendur geta til dæmis haft miðstig í huga þegar þeir útbúa það og síðan fengið leyfi til að sýna myndböndin og fræða nemendur í bekkjum á miðstigi eða umsjónarkennari sýnt nemendum sínum þau (tengist verkefninu um *Neyslu*).

- **Nærsamfélagið**

Skólar eru misvel staðsettir hvað aðgengi að náttúru varðar en víðast hvar eru einhver græn svæði innan hverfa sem eru mótuð af mannum og önnur sem hafa fengið að halda sér þar sem fjölbreyttur gróður vex og jafnvel berjalyng. Aðrir skólar hafa vatn, læk, fjöru eða eru við skemmtilegar gönguleiðir. Nemendur geta kortlagt nánasta umhverfi sitt með náttúru, græn svæði eða útivistarsvæði í huga. Bekkir geta skipt hverfinu á milli sín eða vinnan farið fram á þema-dögum. Verkefnið getur verið að lýsa svæðinu, hvernig umgengni er þar, er svæðið náttúrulegt eða manngert, er það friðað? Hvernig er það nýtt og af hverjum, eru einhverjar slysaþættur eða er svæðið óöruggt fyrir börn og ungmenni? Nemendur koma með hugmyndir að breytingum sem hafa það gildi að auka aðsókn, útiveru, hreyfingu, upplifun og góða tilfinningu í heilbrigðu umhverfi stutt frá skóla eða heimili. Úrvinnslan gæti verið að taka myndir af svæðinu og gera úttekt. Koma með hugmyndir að breytingum og síðast að kynna þetta fyrir þeim sem hafa með skipulag og fjármagn að gera í sveitarfélaginu.

Námsbækur:

Maður og náttúra

CO₂ – Framtíðin í okkar höndum

Um víða veröld

Handbækur:

Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð

Náttúruverkefni

Vefefni:

Heimurinn minn

Fræðslumynd:

Loftslagsbreytingar á jörðinni

Annað:

www.ust.is

www.vatnajokulsthjodgardur.is

www.fi.is

www.island.is/ferdalog-og-samgongur/gjold/utivist

www.visiticeland.com/Natturaogutivist/Natturuverndarsvaedi/